



GRÆNI STÍGURINN Í GRÆNA TREFLINUM

Vistvæn samgönguleið milli útivistarsvæða í upplandi höfuðborgarsvæðisins

MÁLÞING Á VEGUM SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS OG SSH 03.03.2023

Þráinn Hauksson landslagsarkitekt FÍLA












































Græni trefillinn í upplandi höfuðborgarsvæðisins sögulegt yfirlit:

1992-93:

Skógræktarfélagin á höfuðborgarsvæðinu leggja fram hugmyndina um Græna trefilinn

2001:

Græni trefillinn er tekinn inn í svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

2006:

Skógræktarfélag Íslands kynnir hugmynd um grænan stíg í Græna treflinum

2008:

Unnin frekari tillaga að legu Græna stígsins vegum Skógræktarfélags Íslands

2009:

Stjórn SSH beinir því til sveitarfélaga að taka stíginn inn í aðal- og deiliskipulagsáætlanir.

2015:


Græni trefillinn fær lykilhlutverk í nýju svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðið 2040

2023:

Hafin vinna við frumgreiningu á Græna stígnum á vegum SSH



ÚTMÖRK
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
Skógræktarsvæði - framtíðarsýn



Græni trefill höfuðborgarsvæðisins 1993



GRÆNN STÍGUR Í GRÆNA TREFLINUM

- Trefillinn skírskotar til hlýrrar flíkur um hálsa höfuðborgarsvæðisins
- GRÆNI STÍGURINN: 50 km langur malbikaður hjóla- og göngustígur sem liggi sem næst byggð
- Þræðir upp áhugaverðustu útivistarsvæðin, s.s. vötn og skógarteiga.
- Stígurinn lagi sig vel að landslagi og taki mið af hæðarlegu lands
- Vel merktur og útbúinn áningarstöðum með upplýsingum
- Hugmyndir um að stika stíginn með áberandi kennistiku fyrst um sinn til að festa hann í sessi





GRÆNU GEIRARNIR OG HLIÐIN:

Á “græna stígnum” er gert ráð fyrir hliðum á völdum stöðum þar sem aðgengi er best að upplandinu um opnu svæði byggðarinnar.


Megindrættir landslags ákvarða staðsetningu hliðanna, en hvert sveitarfélag og borgarhluti á sína aðalleið í upplandið um dali, meðfram ám, lækjum og hraunjöðrum.

Mikilvægustu leiðirnar eru meðfram Varmá, Korpu/Úlfarsá, um Grafarvog, Elliðaárdal og með lækjunum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði.

Grænu hliðin eru upphafsstaðir sumra og áningarstaðir annarra á leið þeirra um græna stígninn. Þar þurfa því að vera bæði greinargóðar og fræðandi upplýsingar um útivistarmöguleika í upplandinu og aðlaðandi aðstaða til dvalar, umhverfisfræðslu og leikja.








Tillaga að legu stígsins sem óskað er eftir að tekin verði til umfjöllunar á svæðisskipulagsstigi og í aðal- og deiliskipulagi eftir því sem þurfa þykir.






Blápráðurinn & Græni stígurinn

Útivistarleiðir um strandlengju og uppland höfuðborgarsvæðisins




Náttúra og útivist í stefnu Höfuðborgarsvæðisins 2040



Strandlengjan, grænir geirar og Græni trefillinn opna á samfelldar útivistarleiðir um byggðina sem eru öllum aðgengilegar.

Heilnæmt umhverfi og heilbrigt líf

Vefur útivistarsvæða gefur fólki kost á reglulegri hreyfingu í daglegum athöfnum og endurnæringu í frítíma. Grænn vefur dregur fram sérkenni landslags og tengir bláþráð strandlengjunnar og Grænan trefil í jaðri borgarbyggðar.



Græni stígurinn varðar:

- Lýðheilsumál
- Loftslagsmál
- Náttúruverndarmál



Milli fjalls...



fjalllendi



græni trefillinn



grænir þræðir



verndarsvæði




bæjargarðar og bæjartorg



Blápráðurinn / strandlengjan

...og fjöru

Græni trefillinn er sameiginlegt og samfelld útivistarsvæði við efri jaðar borgarbyggðarinnar. Trefillinn teygir sig frá Esjuhlíðum í norðri til Helgafells í suðri og tengist þannig fjalllendi Esjunnar, Bláfjallafólkvangi og jarðvangi Reykjanesfólkvangs. Græni trefillinn fléttar saman skógarteiga, hraun, vötn og fell. Áhersla er lögð á verndun sérstæðs landslags og lífríkis. Þar er aðstaða til fjölbreyttrar útivistar svo sem athafnasvæði hestamanna og golfvellir sem og fjölbreytt náttúra, hraunbreiður og votlendi, ræktaður skógur og náttúrulegt kjarr. Í treflinum skal skógrækt stunduð í sátt við sérkenni landslags og náttúrufars, til skjóls og yndisauka, til bættra útivistarskilyrða, til að hefta ösku- og jarðvegsfok og bindingar kolefnis og svifryks frá umferð. *Græni stígurinn, samfelldur göngu- og hjólastígur, tengir öll sveitarfélögin saman og liggur eftir treflinum endilöngum og áfram til norðurs og suðurs. Lega stígsins og staðsetning mikilvægustu aðkomusvæða kvarðast í aðalskipulagi sveitarfélaganna. Hesthúsahverfi skulu samtengd með reiðstígum milli sveitarfélaga. Unnið verður að frekari stefnumörkun, samræmdum aðgerðum og rekstri útivistaraðstöðu í Græna treflinum og Græna stígunum.*



KORT 7 – NÁTTÚRA OG ÚTIVIST

Náttúru- og útivistarsvæði sem hafa þýðingu fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Nánari afmörkun náttúru- og útivistarsvæða er útfærð í aðalskipulagi sveitarfélaga.

Strandlengjan verður gerð eins aðgengileg og kostur er með samfelldum hjóla- og göngustígum. Skilgreina þarf skýrar

hjáleiðir um þar sem landnotkun og eignarhald takmarkar aðgengi.

Við útfærslur strandstígs, Græna trefilsins, Græna stígsins, grænna geira, borgargarða og kirkjugarða í aðalskipulögum sveitarfélaga skal taka mið af töflu 3 um málsmeðferð í 4. kafla.

- | | | | |
|---|------------------|---|--------------------|
|  | GRÆNIR GEIRAR |  | STRÖND |
|  | BORGARGARÐAR |  | BORGARBYGGÐ (2012) |
|  | KIRKJUGARÐAR |  | DREIFBÝLI |
|  | GRÆNI TREFILLINN |  | VAXTARMÖRK |
|  | GRÆNI STÍGURINN |  | VEGIR |

Svo að markmið 4.1 nái fram að ganga munu sveitarfélögin vinna að eftirfarandi aðgerðum og/eða beita sér í samstarfi með eftirnefndum aðilum.

Svæðisskipulagsnefnd og SSH

4.1.1 Svæðisskipulagsnefnd setur fram leiðbeinandi viðmið um útfærslu sameiginlegra útivistarsvæða og stíga. Sérstök áhersla verði lögð á græna geira, græna stíginn og strandstíginn.

4.1.2 Svæðisskipulagsnefnd viðheldur virkum kortagrunni og upplýsingaöflun um þróun Græna trefilsins og sameiginlegra útivistarstíga í útmörk og með ströndinni. Sérstök áhersla verði lögð á græna geira, græna stíginn og strandstíginn.

4.1.3 Svæðisskipulagsnefnd vinni fjögurra ára þróunar-áætun, þar sem dregin verða fram áform um framkvæmdir á sameiginlegum útivistarsvæðum.

Aðildarsveitarfélög og byggðasamlög

4.1.4 Sveitarfélögin móti frekari stefnu og mögulegar aðgerðir til verndunar umhverfis og reksturs útivistaraðstöðu í Græna treflinum. Leitað verði samráðs og samstarfs við skógræktar-, náttúruverndar- og útivistarfélög.

4.1.5 Sveitarfélög útfæri í aðalskipulagsáætlanir aðgerðar-markmið 4.1 og geri sérstaklega grein fyrir útfærslu sameiginlegra útivistarsvæða s.s. Græna trefilsins og helstu aðkomu-svæða, græna stígsins, grænna geira og strandstígs.

4.1.6 Sveitarfélögin tryggi samræmt aðgengi að helstu útivistarsvæðum og net göngu-, hjóla- og reiðstíga sem tengja sveitarfélögin saman.

4.1.7 Sveitarfélögin koma á reglubundnum samstarfs-vettvangi umhverfis- og garðyrkjustjóra sveitarfélaganna sem hafi það að markmiði að samræma þróun sameiginlegra útivistarsvæða.

Aðkoma og aðgerðir annarra

4.1.8 Skógræktarfélag Íslands, Skógræktarfélögin á höfuð-borgarsvæðinu og Skógrækt ríkisins aðstoði SSH um viðhald upplýsinga um skóga í Græna treflinum.

4.1.9 Svæðisnefnd Landssambands hestamanna og Vega-gerðin aðstoði SSH um viðhald upplýsinga um reiðvegi.

Og hver er svo staðan?

Græni stígurinn er skilgreindur í eftirtöldum skipulagsáætlunum:

Svæðisskipulag:

- Græni stígurinn er vel skilgreindur í Höfuðborgarsvæðið 2040

Aðalskipulag:

- Hafnarfjörður: Græni stígurinn er ekki skilgreindur, en teiknaður stofnstígur fellur að legu HBSV-2040 (endurskoðun ASK nýhafin)
- Garðabær: Græni stígurinn er skilgreindur í greinargerð og á uppdrætti
- Kópavogur: Græni stígurinn er skilgreindur í greinargerð og á uppdrætti
- Reykjavík: Græni stígurinn er ekki skilgreindur, en teiknaðir stofnstígar í Heiðmörk og Hólmsheiði falla að legu Hbsv2040
- Mosfellsbær: Græni stígurinn er ekki skilgreindur í aðalskipulagi (endurskoðun ASK stendur yfir)

Deiliskipulag:

- Kaldársel og Gjárnar: græni stígurinn sýndur (Hfj)
- Hvaleyrarvatn og Höfðaskógur: stofnstígur sýndur sem fellur að legu HBSV-2040 (Hfj)
- Gráhelluhraun: deiliskipulag í vinnslu og þar verður afstaða tekin til græna stígsins (Hfj)
- Urriðakotsdalir / Urriðakotshraun: græni stígurinn sýndur (Gb)
- Heiðmörk í Garðabæ og Sandahlíð: Græni stígurinn sýndur (Gb)
- Heiðmörk í Reykjavík: Græni stígurinn var skilgreindur í tillögu sem var í vinnslu en var dregin úr ferli (Rvk)
- Rauðhólar: stofnstígur sýndur sem fellur að legu HBSV-2040 (Rvk)

